

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 30. ágúst 2024
UST202408-119/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting - Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 - Aðalsel, Háasel, Mósél, Sel og Vestursel

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Aðalsel, Háasel, Mósél, Sel og Vestursel.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að 17,6 ha af frístundasvæði F29 í gildandi aðalskipulagi verður að landbúnaðarlandi.

Vatnamál

Í greinargerð kemur fram að núverandi ástand grunnvatnshlotsins Gíslholtsvötn er með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki rétt, hið rétta er að ástand grunnvatnshlotsins er óþekkt.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Stefna sveitarfélagsins þarf að vera á þá leið að yfirborðsvatnshlot verði í a.m.k. mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi í samræmi við markmið/stefnu Vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027¹ og öll grunnvatnshlot í góðu efnafræðilegu ástandi og hafi góða magnstöðu.

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem mikilvægt fuglasvæði er innan þess svæðis sem skipulagsbreytingin nær til þarf að fjalla um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðisins, grunnástand og áhrif tillögunnar á það. Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt vistgerðarkorti NÍ er víðikjarrvist sem hefur hátt verndargildi innan skipulagssvæðisins.

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.^{2,3}

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis og eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

² <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/lifraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

³ [Mófuglar | moi.hi.is](https://www.moi.hi.is)